

2239. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 28. maí 2020 á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:00.

Mættir: Guðni Bergsson formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Haraldsson, Ingi Sigurðsson, Magnús Gylfason, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Mættur varamaður: Þóroddur Hjaltalín (tók sæti Gísla Gíslasonar).

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz, sem ritaði fundargerð.

Forföll: Gísli Gíslason varaformaður.

Þetta var gert:

- 1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt á rafrænan hátt á milli funda af öllum stjórnarmönnum sambandsins.
- 2 Fundargerðir nefnda og starfshópa voru lagðar fram til kynningar. Valgeir Sigurðsson formaður mótanefndar fylgdi fundargerðum nefndarinnar úr hlaði og skýrði fyrir stjórn.
 - 2.1 Mótanefnd 19. maí 2020
 - 2.2 Mótanefnd 26. maí 2020
- 3 Skipan í embætti og nefndir
 - 3.1 Stjórn KSÍ samþykkti að skipa varaformenn þau Gísli Gíslason (fyrsti varaformaður) og Borghildi Sigurðardóttur (annar varaformaður).
 - 3.2 Stjórn KSÍ samþykkti skipan í nefndir á vegum sambandsins fyrir starfsárið 2020-2021. Sjá fylgiskjal merkt 3.2.
- 4 Reglugerðarbreytingar
 - 4.1 Stjórn KSÍ samþykkti breytingu á reglugerð um knattspyrnumót, fjöldi skiptinga. Sjá fylgiskjal merkt 4.1.
 - 4.2 Stjórn KSÍ samþykkti breytingu á reglugerð um aðgönguskírteini. Sjá fylgiskjal merkt 4.2.
 - 4.3 Stjórn KSÍ samþykkti breytingu á reglugerð KSÍ um ferðapátttökugjald. Sjá fylgiskjal merkt 4.3.
 - 4.4 Stjórn KSÍ samþykkti breytingu reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og breytingu á starfsreglum nefndarinnar. Sjá fylgiskjal merkt 4.4.
- 5 Fjármál
 - 5.1 Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, kynnti þriggja mánaðar uppgjör miðað við endurskoðaða fjárhagsáætlun. Miðað við fyrstu þrjú mánuði ársins eru flestir liðir á áætlun en þó ber að hafa í huga að samanburður er erfiður þar sem frestunaráhrif geta komið fram síðar. Mikil óvissa gildir um bæði tekju- og gjaldahlið á komandi mánuðum.
 - 5.2 Formaður KSÍ, Guðni Bergsson, kynnti aðgerðir til stuðnings við aðildarfélag KSÍ í samræmi við umræðu á fyrri stjórnarfundum. Stjórn KSÍ samþykkti að greiða út 100 milljónum króna af eigin fé sambandsins til aðildarfélaga KSÍ, sbr. eftirfarandi bókun:

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands hefur allt frá því samkomubann var fyrirskipað þann 16. mars sl. unnið sérstaklega að hagsmunagæslu fyrir aðildarfélög KSÍ og að greiningu á aðstæðum þeirra í samvinnu við aðildarfélögin og Deloitte. Hagsmunagæslan hefur m.a. falist í samskiptum við ríkið og áskorun um breytingar á launaúrræðum og hlutabótaleið ríkisins. Einnig hefur verið barist fyrir auknu framlagi til íþróttahreyfingarinnar, sem var hækkað í fyrstu atrennu úr 250,0 mkr. í 450,0 mkr.

Þá hefur KSÍ óskað eftir því við FIFA og UEFA að alþjóðasamböndin grípi til aðgerða með sérstökum framlögum sem knattspyrnusamböndum yrði m.a. heimilt að greiða til aðildarféлага. Þessi framlög kæmu þá til viðbótar fyrirframgreiddum rekstrarframlögum alþjóðasambandanna sem gert er ráð fyrir í framtíðarrekstraráætlunum KSÍ.

Einnig hefur stjórn KSÍ samþykkt áskorun um að sveitarfélögin í landinu leggja íþróttahreyfingunni aukið lið m.a. með tilliti til barna- og unglíngastarfs og mikilvægi þess í þeirri viðspyrnu sem nauðsynleg er að loknu samkomubanni. Er vonast eftir aðgerðum sveitarféлага í þessu sambandi.

Öllum er ljóst að nauðsynlegar sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda hafa haft í för með sér verulegt tjón fyrir knattspyrnuhreyfinguna. Einnig hafa tekjur frá styrktar- og samstarfsaðilum hrunið vegna efnahagsástandsins. Þrátt fyrir framlag ríkissjóðs til íþróttaféлага og aðgerðir á grunni svonefndra hlutastarfareglna þá duga þær aðgerðir skammt þegar horft er til heildartekjutaps félaganna.

Samkvæmt 7. grein laga KSÍ fer stjórn KSÍ með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli ársþinga. Í ljósi þess að umboð stjórnar er á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar ársþings KSÍ þá er óhjákvæmilegt að stjórn KSÍ grípi til fordæmalausra aðgerða í því skyni að liðsinna félögum sem eru aðilar að knattspyrnusambandinu. Sú aðgerð felur í sér verulega breytingu á fjárhagsáætlun ársins. Hafa verður einnig í huga að aðgerðir vegna Covid-19 hafa haft veruleg áhrif á fjárhag KSÍ og ekki ljóst hver þau áhrif endanlega verða, m.a. vegna frestunar landsleikja og óvissu um nýja leikdaga ásamt mögulegum takmörkunum á fjölda áhorfenda. Einnig hefur verið horft til álits starfshóps um æskilegt eigið fé KSÍ. Stjórnin hefur unnið ákveðnar sviðsmyndir um möguleg áhrif ákvarðana UEFA varðandi umspilsleiki A landsliðs karla og leiki í Þjóðadeildinni, en ekki liggur fyrir hvenær þau mál skýrast endanlega.

Með vísan til alls framangreinds þá hefur stjórn KSÍ samþykkt á fundum sínum 2., 8. apríl og 28. maí eftirfarandi aðgerðir í þágu aðildarfélaganna:

1. Að flýta greiðslum til féлага í Pepsi Max deild karla vegna sjónvarpsréttar - alls að fjárhæð 52,8 mkr. Staðfest á fundi stjórnar 2. apríl 2020.
2. Að flýta greiðslum til féлага í neðri deildum vegna barna- og unglíngastyrks – alls að fjárhæð 43,0 mkr. Samþykkt á stjórnarfundi 8. apríl 2020.
3. Niðurfelling á gjaldi vegna endurskráningar samninga vegna Covid-19. Samþykkt á fundi fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ í apríl 2020.
4. Niðurfelling á þátttökugjöldum (100.000.- á hvert lið meistaraflokka, samtals 11.600.000.-) og ferðajöfnunargjaldi (75.000.- pr. skráð lið í meistaraflokki, samtals um 8.250.000.-). Samþykkt á stjórnarfundi 28. maí 2020.
5. Úthlutun til aðildarféлага, kr. 100.000.- milljónir af eigin fé KSÍ til að koma til móts við fjárhagslegt tjón sem félögin hafa orðið fyrir vegna Covid-19 faraldursins. Samþykkt á stjórnarfundi 28. maí 2020.

Skipting þeirrar úthlutunar sem nefnd er hér að ofan í 5. lið er framkvæmd á grundvelli reiknilíkans sem var hannað og notast við fyrir útgreiðslu sérstaks EM-framlags 2016 og HM-framlags árið 2018. Í því líkani er félögum skipt upp í tvo flokka. Annars vegar félög með barna- og unglíngastarf og hins vegar félög án þess.

Félögin með barna- og unglíngastarf, sem eru alls 46, fá 100 mkr. úthlutun frá KSÍ sem skiptast eftir gefnum stigum sem miðast við stöðu í deildum karla og kvenna á tímabilunum 2019 og 2020.

Öll aðildarfélög KSÍ, bæði félög með barna og unglíngastarf og félög án þess, fá þar að auki niðurfellingu ferðaþátttöku- og skráningargjalds, alls tæpar 20 milljónir.

Knattspyrnusambandið mun eftir sem áður halda áfram hagsmunagæslu sinni og styðja eftir megni við aðildarfélög sín. Þess má geta í því sambandi að á undanförunum þremur árum, að fyrrgreindum aðgerðum meðtöldum hefur sambandið nú greitt út til aðildarfélaganna um 700,0 mkr ásamt því að standa straum af öllum dómarakostnaði meistaraflokka á Íslandsmótum sem nemur um 480,0 mkr.

Stjórn fór yfir og staðfesti lista yfir greiðslur til félaga sem sjá má í fylgiskjali merktu 5.2.

6 Mótamál

- 6.1 Valgeir Sigurðsson formaður mótanefndar upplýsti stjórn um stöðuna í mótamálum sambandsins. Rætt var um fyrirvara við mótin 2020 en frekari umræðu og ákvarðanatöku var frestað.

7 Mannvirkjamál

- 7.1 Ingi Sigurðsson formaður mannvirkjanefndar fór yfir stöðuna á mannvirkjamálum. Eftir er að gefa út vallarleyfi fyrir Fjarðabyggðarhöllina og Ísafjarðarvöll. Framkvæmdir á þessum völlum/svæðum ganga vel og ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að gefa út vallarleyfi á næsta stjórnarfundi.
- 7.2 Mannvirkjanefnd er að fara yfir umsóknir í mannvirkjasjóð. Nefndin fundar 8. júní og undirbýr tillögu til stjórnar.

8 Önnur mál

- 8.1 Lagt var fram bréf frá þrettán aðildarfélögum KSÍ (Dalvík/Reynir, Fjarðabyggð, Haukar, Njarðvík, Víðir, Völsungur, Þróttur V., Einherji, Reynir S., Sindri, Álfanes, Snæfell og Hamar) þar sem þau koma á framfæri þakklæti til stjórnar KSÍ og starfsmanna fyrir góð og skilvirk samskipti við erfiðar aðstæður. Þá hvetja félögin til þess að stofnað verði til bikarkeppni neðri deilda með tillögu frá KSÍ sem lögð verði fyrir á næsta ársþingi. *Stjórn KSÍ þakkar hlýjar kveðjur og tekur undir hversu vel starfsfólk sambandsins hefur staðið sig við krefjandi aðstæður. Stjórn KSÍ samþykkti að vísa málinu til mótanefndar til umfjöllunar.*
- 8.2 FIFA hefur samþykkt beiðni KSÍ um nýjar skilgreiningar á keppnistímabilinu og félagaskiptatímabilinu 2020 í samræmi við ákvörðun stjórnar KSÍ þann 14. maí síðastliðinn.
- 8.3 Framkvæmdastjóri KSÍ greindi stjórn sambandsins frá heimsókn starfsmanna til Hauka á Ásvöllum og tilboði Hauka um að halda ársþing sambandsins 2021. Málið



var áður rætt á stjórnarfundum þann 19. mars 2020. *Stjórn KSÍ samþykkti að ársþing KSÍ 2021 fari fram á Ásvöllum í Hafnarfirði í umsjón Hauka og gaf framkvæmdastjóra KSÍ umboð til að ganga til samninga við Hauka um framkvæmdina.* Um er að ræða tilraunaverkefni sem verður endurmetið strax eftir ársþing.

- 8.4 Þóroddur Hjaltalín formaður dómarnefndar gaf stjórn skýrslu um stöðu dómaramála fyrir komandi tímabil. Flestir deildadómarar KSÍ hafa þegar lokið þrekprófi og eru vel undirbúnir fyrir tímabilið. Þá ræddi Þóroddur um VAR og skilyrði til þess að prófa tæknilega útfærslu á kerfinu hér á landi (án notkunar VAR í leiknum sjálfum).
- 8.5 Samningur KSÍ við PUMA var gerður opinber fyrir í vikunni. Nýr búningur og ýmsar nýjungar verða kynntar um mánaðamótin júní/júlí.

Næsti stjórnarfundur verður fimmtudaginn 18. júní 2020.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið kl. 18:15.

Fylgiskjöl með fundargerð:

3.2. Skipan í nefndir KSÍ starfsárið 2020-2021

4.1. Reglugerð um knattspyrnumót – fjöldi skiptinga

4.2. Reglugerð um aðgönguskírteini

4.3. Reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald

4.4. Reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál og starfsreglur nefndarinnar

5.2. Yfirlit yfir greiðslu til félaga

3.2.

Skipan í nefndir KSÍ starfsárið 2020-2021

Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Guðni Bergsson, KSÍ formaður

Bryndís Einarsdóttir, KSÍ

Klara Bjartmarz, KSÍ

Fulltrúi ÍBR

Fulltrúi ÍTR

Dómaranefnd

Þóroddur Hjaltalín, formaður

Bragi Bergmann

Bryndís Sigurðardóttir

Frosti Viðar Gunnarsson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Ingi Sigurðsson

Viðar Helgason

Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

Borghildur Sigurðardóttir, formaður

Ingi Sigurðsson

Magnús Gylfason

Valgeir Sigurðsson

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir, formaður

Guðni Kjartansson

Gunnar Már Guðmundsson

Helga Helgadóttir

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Örn Ólafsson

Starfshópur um útbreiðslumál

Þorsteinn Gunnarsson, formaður

Bjarni Ólafur Birkisson

Björn Friðþjófsson

Sigríður Baxter

Tómas Þóroddsson

Jakob Skúlason

Laga- og leikreglanefnd

Gísli Gíslason, formaður

Guðjón Bjarni Hálfánarson

Guðmundur H. Pétursson

Landsliðsnefnd karla

Magnús Gylfason, formaður

Ásgeir Ásgeirsson



Birkir Kristinsson
Haraldur Haraldsson

Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Borghildur Sigurðardóttir, formaður
Margrét Ákadóttir
Ragnhildur Skúladóttir
Þorsteinn Gunnarsson
Fulltrúi ÍTF staðfestur síðar

Landsliðsnefnd U21 karla

Gísli Gíslason, formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Gunnar Oddsson
Ólafur Páll Snorrason
Fulltrúi ÍTF staðfestur síðar

Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Jóhann Torfason, formaður
Jónas Gestur Jónasson
Marteinn Ægisson
Pálmi Haraldsson
Pétur Ólafsson
Sigurður Örn Jónsson
Tómas Þoroddsson
Fulltrúi ÍTF staðfestur síðar

Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir, formaður
Guðjón Bjarni Hálfánarson
Hafsteinn Steinsson
Harpa Frímannsdóttir
Jakob Skúlason
Mist Rúnarsdóttir
Viggó Magnússon

Mannvirkjanefnd

Ingi Sigurðsson, formaður
Bjarni Þór Hannesson
Inga Rut Hjaltadóttir
Jón Runólfsson
Kristján Ásgeirsson
Margrét Leifsdóttir
Viggó Magnússon
Þorbergur Karlsson

Mótanefnd

Valgeir Sigurðsson, formaður
Ásgeir Ásgeirsson
Björn Friðþjófsson
Harpa Þorsteinsdóttir



Sveinbjörn Másson
Vignir Már Þormóðsson
Þórarinn Gunnarsson

Samninga- og félagaskiptanefnd

Ásgeir Ásgeirsson, formaður
Gísli Guðni Hall
Örn Gunnarsson
Unnar Steinn Bjarndal, til vara
Ragnar Baldursson, til vara
Guðný Petrína Þórðardóttir, til vara

Heilbrigðisnefnd

Reynir Björn Björnsson, formaður
Ásta Árnadóttir
Friðrik Ellert Jónsson
Guðrún Sigurðardóttir
Haukur Björnsson
Stefán Stefánsson

Fylgiskjal 4.1.

Reglugerð um knattspyrnumót – fjöldi skiptinga

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót Tillaga að breytingum á greinum 23 og 29

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstríkað**

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 23:

23.gr.

Meistaraflokkur karla

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja þrjú varamenn inn á í leik. Í 2., 3. og 4. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. Ein viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Ákvæði til bráðabirgða 2020:

Í efstu deild karla, 1. deild karla og í bikarkeppni KSÍ er heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjú leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort lið nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til skiptinga.

Stærð knattar: 5

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efsta deild karla, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 29:

29.gr.

Meistaraflokkur kvenna

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt að setja þrjú varamenn inn á í leik. Í 1. og 2. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. Ein viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Ákvæði til bráðabirgða 2020:

Í efstu deild kvenna og í bikarkeppni KSÍ er heimilt að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjú leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort lið nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til skiptinga.

Stærð knattar: 5.

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efstu deild kvenna, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

Greinargerð:

Um er að ræða breytingar sem unnar voru af laga- og leikreglnanefnd KSÍ í samræmi við samþykktir á fundi stjórnar KSÍ þann 14. maí sl.



REGLUGERÐ KSÍ um aðgönguskírteini

1. gr.

Gerðir skírteina

- 1.1. Knattspyrnusamband Íslands gefur út eftirfarandi aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að knattspyrnuleikjum sem hér segir:

Aðgönguskírteini A, sem gildir á alla leiki í mótum á vegum KSÍ og landsleiki KSÍ innanlands.

Aðgönguskírteini DE, sem gildir á alla leiki í mótum á vegum KSÍ og landsleiki KSÍ innanlands.

Aðgönguskírteini PD, sem gildir á leiki í Pepsi Max deild karla.

Aðgönguskírteini 1D, sem gildir á leiki í 1. deild karla.

Aðgönguskírteini 2D, sem gildir á leiki í 2. deild karla.

Aðgönguskírteini 3D, sem gildir á leiki í 3. deild karla

~~Aðgönguskírteini 4D, sem gildir á leiki í 4. deild karla~~

Aðgönguskírteini KV, sem gildir á leiki í Pepsi Max deild kvenna.

Aðgönguskírteini 1KV, sem gildir á leiki í 1. deild kvenna.

Aðgönguskírteini F, sem gildir á alla leiki aðra en landsleiki

- 1.2. Knattspyrnusambandið skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini og skal hún aðgengileg aðildarfélögum.

- 1.3. ~~Framkvæmdaraðili leiks getur krafist þess, að Rétthafar skírteina skulu sækja sækja aðgöngumiða í hvert sinn í gegnum smáforrit (app). Framvísun skírteinis og gilda þá ekki aðgönguskírteinin sjálf. Slíkt fyrirkomulag skal auglýst í fjölmiðlum.~~

2. gr.

Rétthafar skírteina

- 2.1. Aðgönguskírteini A skal gefið út til formanna knattspyrnudeilda sem taka þátt í landsdeildum, stjórnar KSÍ og annarra aðila skv. ákvörðun knattspyrnusambandsins, alls að hámarki 200 skírteini.
- 2.2. Aðgönguskírteini DE skal jafnframt gefið út til eftirlitsmanna, lands-, héraðs- og unglingadómarara, sem luku a.m.k. 15 störfum árið áður eða 20 störfum á undangengnum tveimur árum. Unglingadómarar á fyrsta starfsári skulu þó fá aðgönguskírteini DE að loknum 10 störfum.
- 2.3. Aðgönguskírteini sem gilda einungis á deildaleiki skal gefið út til leikmanna, starfsmanna og stjórnarmanna hvers félags, alls ~~5535~~ skírteini á félag á leiki í viðkomandi deild. ~~Heimilt er að gefa út að auki allt að 20 skírteini (án myndar) til hvers félags í viðkomandi deild ef samkomulag er um slíkt milli allra félaga í viðkomandi deild.~~
- 2.4. Aðgönguskírteini F skal gefið út til fulltrúa fjölmiðla að fenginni umsögn frá Samtökum Íþróttafréttamanna í samræmi við nánari reglur þar um.

3. gr.
Notkun skírteina

- 3.1. Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir rétthafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á einstakling.
- 3.2. Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því. Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.

4. gr.
Útgáfa

- 4.1 Skrifstofa KSÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KSÍ. Öll skírteini ~~sem eru~~ gefin ~~eru~~ út í gegnum smáforrit (app). ~~skulu vera með nafni rétthafa, ásamt mynd (sbr. þó ákvæði 2.3.) og raðnúmeri.~~
- ~~4.2 Félög skulu senda skrifstofu KSÍ nafnalista og myndir fyrir 1. maí ár hvert.~~
- 4.23 Skrifstofa KSÍ skal halda skrá yfir handhafa skírteina og birta aðildarfélögum upplýsingar um fjölda útgefna skírteina sé þess óskað. ~~sér til þess að félög fái skrá yfir handhafa skírteina áður en mót hefst og að félögum sé send uppfærð skrá ef ný skírteini eru gefin út eftir að keppnistímabil hefst.~~
- 4.34 Framkvæmdastjórar ÍTF og KSÍ hafa eftirlit með útgáfu skírteina skv. 4. gr. ~~4.1-4.3 og leggja fyrir stjórnir beggja félaga greinargerð um útgáfuna að loknu keppnistímabili.~~

5. gr.
Gildistaka

- 5.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. ~~Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini.~~
Ákvæði til bráðabirgða sem gildir fyrir árið 2020
- 5.2. *Á meðan í gildi eru fjöldatakmarkanir sem miða við að hámarki 500 (fimm hundruð) áhorfendur á hverju svæði/rými gilda aðgönguskírteini sem gefin eru út vegna keppnistímabilsins 2020 ekki og heimila því ekki endurgjaldslausan aðgang að knattspyrnuleikjum.*

Samþykkt af stjórn KSÍ 28. maí 2020

Fylgiskjal 4.3. Reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald

Reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald 2020-2022

1. grein.

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks skulu greiða ferðapáttökugjald skv. reglugerð þessari. Reglugerðinni er ætlað ~~var upphaflega sett á grundvelli samþykktar ársþings KSÍ 2015 og er tilgangur hennar að stuðla að auknum jöfnuði félaga gagnvart ferðakostnaði. Á ársþingi~~ Reglur þessar byggja á í tengslum við fjárhagsáætlun~~ar~~ fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og fjárhagsramma ~~til næstu 3ja ára, voru lagðar fram/samþykktar breytingar á gjaldinu~~ fyrir árin ~~2020~~2021 og 2022 samþykktum á ársþingi KSÍ 2020.

2. grein.

Ferðapáttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir efstu deildir karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. deild karla og kvenna, 3. deild karla og 4. deild karla. Ferðapáttökugjaldið skal reiknað út sameiginlega fyrir allar deildir (karla og kvenna) við útreikning kostnaðar hvers liðs.

Við útreikninga skal miða við kílómetragjald sem stjórn KSÍ ákveður fyrir keppnislið í heild sinni. Vegalengdir milli keppnisstaða eru reiknaðar miðað við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðarinnar.

Viðmiðunargjaldið fyrir árið 2020 er 200 kr. pr. kílómetra, greiðsluhlutfall 85%.

Viðmiðunargjaldið fyrir árið 2021 er 250 kr. pr. kílómetra, greiðsluhlutfall 100%.

Viðmiðunargjaldið fyrir árið 2022 er 300 kr. pr. kílómetra, greiðsluhlutfall 100%.

3. grein

Við útreikning kostnaðar hvers liðs skal miða við vinnureglur ÍSÍ um úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga þar sem m.a. er kveðið á um að einungis ferðir sem mælast 150 km eða meira aðra leið, teljist styrkhæfar ferðir. Ferðir eru reiknaðar í fjarlægðum, út frá aðsetri viðkomandi liðs og að keppnisstað.

Miða skal við eftirfarandi stuðla í útreikningi ferðajöfnunargjalds:

Landsbyggð	Stuðull
Austurland	1,0
Vestfirðir	1,0
Norðurland	0,9
Suðurland	0,75
Snæfellsnes	0,75
Höfuðborgarsvæðið	0,6

4. grein.

Nettókostnaður vegna ferðapáttökugjalds á hvert lið umfram kr. 75.000,- fyrir árið 2020, umfram kr. 120.000,- fyrir árið 2021 og umfram kr. 150.000,- fyrir árið 2022 verður greiddur af KSÍ. Gera skal grein fyrir viðmiðunum og breytingum á ferðajöfnun í tillögu að fjárhagsáætlun hvers árs og greinargerð með fjárhagsáætlun.

5. grein.

Ferðapáttökugjaldið skal greitt eigi síðar en 15. maí ár hvert og skal upphæðin vera nettó kostnaður á hvert félag fyrir sig. Greiði félag ekki ferðapáttökugjald innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000,- pr. dag frá 17. maí til greiðsludags. Félög sem eignast inneign ~~komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau~~ skulu fá hana ~~inneign~~ greidda skv. útreikningi mótanefndar og er gjalddagi þeirra greiðslna til þeirra félaga skal innt af hendi í tvennu lagi eftir fyrri 1. júní og 1. september ár hvert. og seinni hluta móts. Greiði félag ekki innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000 pr. dag frá 17. maí að telja.

Ákvæði til bráðabirgða 2020

6. gr.



Nettókostnaður vegna ferðaþáttökugjaldsins á hvert félag fyrir árið 2020 verður greiddur af KSÍ eigi síðar en 30. júní 2020.

Samþykkt af stjórn KSÍ þann 28. maí 2020

Fylgiskjal 4.4.
Reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál

REGLUGERÐ KSÍ
um aga- og úrskurðarmál

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.
Gildissvið

- 1.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. grein laga Knattspyrnusambands Íslands og samkvæmt agareglum FIFA (*FIFA Disciplinary Code*). Hún gildir um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ nema mál séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ.

2. gr.
Markmið

- 2.1. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um aga- og úrskurðarmál KSÍ. Markmið hennar er einnig að sameina öll þau mál er upp koma innan KSÍ er varða agamál, sem aganefnd KSÍ fjallaði um áður, og kærur sem dómstóll KSÍ fjallaði um sem fyrsta dómstig, undir einn og sama úrskurðaraðilann, aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

3. gr.
Lögsaga og hlutverk

- 3.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ. Skulu öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum skv. lögum og reglugerðum KSÍ.
- 3.2. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurðar í öllum agamálum KSÍ og er jafnframt fyrsta dómstig í öllum kærur ~~og ágreiningsmálum~~, sem upp koma innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Meginhlutverk nefndarinnar er þannig tvíþætt, annars vegar agamál og hins vegar úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi og ráðast málsmeðferðarreglur nokkuð eftir þessari skiptingu.
- 3.3. Nefndin getur beitt viðurlögum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ, ~~reglugerð þessari og öðrum reglugerðum KSÍ~~ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, ~~milliliðum~~umboðsmönnum í knattspyrnu og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Knattspyrnusambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum.
- 3.4. Nefndin hefur aðsetur á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík og skal KSÍ tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á skipan nefndarinnar eða aðsetri.

4.gr.
Skipan og hæfi

- 4.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra fimm mönnum. Skulu þeir kosnir á knattspyrnuþingi til tveggja ára í senn.
- 4.2. Nefndin starfar samkvæmt reglugerð þessari og skulu a.m.k. þrír nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a.m.k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.
- 4.3. Nefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef;
 - 4.3.1.a) Hann er aðili máls eða fyrirvarsaður aðila.
 - 4.3.2.b) Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
 - 4.3.3.c) Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.
 - 4.3.4.d) Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
 - 4.3.5.e) Hann tengist eða hefur tengst fyrirvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í [staflíð d\). 4.3.4.](#)
 - 4.3.6.f) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í [staflíð d\). 4.3.4.](#)
 - 4.3.7.g) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náð skyldmenn eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.
- 4.4. Stjórn KSÍ skal skipa nefndarmann í aga- og úrskurðarnefnd til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum nefndarmönnum vegna vanhæfis þeirra.

II. kafli.
MÁLSMEDFERÐARREGLUR

5.gr.
Almennar málsmeðferðarreglur

- 5.1. Málsmeðferðarreglur samkvæmt reglugerð þessari skiptast í tvennt:
 - a) agamál
 - b) kærumál vegna meintra brota á lögum og reglugerðum KSÍ
- 5.2. Aga- og úrskurðarnefnd heldur fundi að jafnaði einu sinni í viku og skulu öll mál tekin fyrir á næsta fundi eftir að þau berast. [Nefndarfundir skulu fara fram á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands eða í gegnum fjárfundarbúnað.](#) Ef brýn nauðsyn krefur getur nefndin haldið fundi til úrlausnar einstakra mála. Einnig er heimilt að kalla nefndina saman, ef ætla má að mati dómsformanns, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns, eða þegar mót eða úrslitakeppni margra liða er leikin á einni helgi.
- 5.3. Nefndin getur ávallt í öllum málum óskað eftir skriflegum eða munnlegum athugasemdum frá Knattspyrnusambandi Íslands eða öðrum þeim er málið getur varðað.
- 5.4. Aðila máls fyrir aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni. Telji nefndin að hætta sé á að málstaður einhvers málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður hennar tilkynnt slíkt til framkvæmdastjóra KSÍ sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

Agamál

6.1.

- 6.1.1. Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhússmótum KSÍ.
- 6.1.2. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.
- 6.1.3. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Nefndin skal í slíkum tilfellum óska eftir athugasemdum viðkomandi aðila.

6.2.4. Félag leikmanns, þjálfara eða forráðamanns Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun, eða sem dómari gerir skriflegar athugasemdir við, hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina/athugasemdina til aga- og úrskurðarnefndar til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Viðkomandi félag skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur ~~honum~~. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

6.2.4.1. Þegar leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs í meistaraflokki fær brottvísun skal félag þess sem í hlut á fá senda skýrslu dómarans um brottvísunina næsta virka dag ef brottvísunin getur leitt til þyngingar, skv. starfsreglum aganefndar. Það sama á við þegar dómari gerir skriflegar athugasemdir á leikskýrslu.

6.3.5. Almennt eru myndbandsupptökur ekki notaðar við ákvörðun viðurlaga vegna agabrota, sbr. þó 6.1.3. Ef það er hins vegar mat nefndarinnar að fyrirliggjandi gögn séu ófullnægjandi eða misvísandi sem grundvöllur er nefndinni heimilt að styðjast við myndbandsupptökur.

6.4.6. Nefndin skal verða við kröfu aðila um að málsmeðferð agamála fari eftir reglum um kærumál þegar mál eru alvarlegs eðlis eða geta varðað viðurlögum, skv. grein 13.1.4. og 13.1.5. Skulu þau fara í flýtimeðferð, skv. grein 7.6. Slík krafa, sem þarf að vera skrifleg, skal berast nefndinni eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrir næsta reglulega fund nefndarinnar. Í kröfu skal koma fram hvort aðili óski að koma á framfæri munnlegum athugasemdum við nefndina og skal hún þá verða við því. Mál er fá kærumeðferð skv. framangreindu skulu fá sérstaka flýtimeðferð í því skyni að mögulegt leikbann geti verið samfellt. Um áfrýjun fer skv. V. kafla.

7.gr.

Kærumál

7.1. Einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Aðila sem hefur kærurétt er heimilt að beina þeirri kröfu til nefndarinnar að hann verði aðili máls og skal slík krafa koma fram eigi síðar en við aðalflutning málsins. Varnaraðili getur verið hver sá sem tilgreindur er í grein 3.3. Mál vegna greina 13.1.4., ~~og~~ 13.1.5., 14.2.3., 15 og 16 skv. reglugerð þessari skal fara með sem kærumál og skulu þau fá flýtimeðferð þegar við á. Meðferð kærumála fyrir aga- og úrskurðarnefnd frestar ekki lágmarks sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar.

7.2. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans og berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

7.2.1.a) Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, ~~faxnúmer~~ og netfang.

7.2.2.b) Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, ~~faxnúmer~~ og netfang.

7.2.3.c) Nafn fyrirsvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum.

7.2.4.d) Skýr kröfugerð.

7.2.5.e) Lýsing helstu málavaxta.

7.2.6.f) Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.

~~7.2.7.g)~~ Lýsing á helstu röksemdum.

~~7.2.8.h)~~ Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.

~~7.2.9.i)~~ Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.

- 7.3. Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu KSÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði. Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það lagt fyrir á næsta fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til efnislegrar meðferðar.
- 7.4. Nefndin skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærða skal gefinn allt að 7 daga frestur til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 7.2., eftir því sem við getur átt.
- 7.5. Þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.
- 7.6. Telji dómsformaður augljóst við skoðun á kæru, að brotið hafi verið gegn lögum og reglugerðum KSÍ, getur hann ákvarðað flýtimeðferð máls. Þeirri kröfu er beint til varnaraðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða þær bersýnilega tilgangslausar er heimilt að kveða upp úrskurð án tafar.

*8.gr.
Frestir*

- 8.1. Kæru vegna kærumála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Berist kærana eftir að tímamörk eru liðin vísar nefndin kærinni frá.
- 8.2. Ef skýrsla dómara/eða eftirlitsmanns berst ekki til aga- og úrskurðarnefndar innan 3 daga ~~eða hún verið póstlögð næsta virka dag~~ eftir að leikurinn fór fram, er nefndinni heimilt að vísa viðkomandi máli frá.
- 8.3. Sé kærumáli vísað frá vegna formgalla hefur kærandi þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bættu kæru til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki taldir með.

III. kafli. ÚRSKURÐIR AGA- OG ÚRSKURÐARNEFNDAR

9. gr.

Uppkvaðning úrskurða og gildistaka

- 9.1. Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til úrskurðar. Leitast skal við að kveða upp úrskurð innan viku frá því að málið var tekið til úrskurðar.
- 9.2. Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði. Úrskurðir nefndarinnar í agamálum taka gildi kl. 12 á hádegi næsta föstudag frá birtingu þeirra nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða. ~~Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar skulu almennt taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði. Úrskurðir nefndarinnar varðandi agamál taka hins vegar gildi kl. 12 á hádegi næsta föstudag frá birtingu þeirra. Óheimilt er að taka út viðurlög í agamálum áður en úrskurðir taka gildi, nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða. Úrskurður um þyngri refsingu vegna brottvísunar, þ.e. úrskurður um fleiri leiki í bann en kveðið er á um í grein 13.1.2. tekur ávallt gildi kl. 12 á hádegi næsta föstudag eftir uppkvaðningu úrskurðar.~~
- 9.3. Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður varðandi agamál vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns eða rangrar/ófullnægjandi skráningar eða ef rangar upplýsingar hafa borist skrifstofu KSÍ, þá skal aga- og úrskurðarnefndin halda aukafund, sbr. gr. 5.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, og leiðrétta úrskurð eða kveða upp nýjan. Sá úrskurður skal taka gildi á hádegi næsta dag eftir uppkvaðningu.

10. gr.

Efni úrskurða

- 10.1. Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum og eftir því sem við á í agamálum skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:
- ~~10.1.1.a)~~ Hverjir séu aðilar máls.
 - ~~10.1.2.b)~~ Kröfugerð og málavaxtalýsing.
 - ~~10.1.3.c)~~ Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
 - ~~10.1.4.d)~~ Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.
 - ~~10.1.5.e)~~ Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.
 - ~~10.1.6.f)~~ Greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.
- 10.2. Úrskurðir skulu undirritaðir af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega.

11. gr.

Birting úrskurða

- 11.1. Nefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti ~~eða símbréfi~~ til formanns knattspyrnudeildar og þeirra ~~ráðs þess~~ aðila, sem félagið hefur tilkynnt KSÍ um eða kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts ~~eða símbréfs~~ hvílir alfarið á móttakanda.
- 11.2. Úrskurður nefndarinnar, ásamt rökstuðningi, skal einnig birtur á heimasíðu KSÍ strax eftir uppkvaðningu hans.

IV. kafli.
VIÐURLÖG OG REFSINGAR

12. gr.
Viðurlög í kærumálum

12.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ getur í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins:

- ~~12.1.1.~~a) Úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans.
- ~~12.1.2.~~b) Svípt aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan knattspyrnuhreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).
- ~~12.1.3.~~c) Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan knattspyrnuhreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.
- ~~12.1.4.~~d) Úrskurðað aðila til að greiða aðila kostnað vegna málsins telji nefndin málsgrundvöllinn tilefnislausan.

12.2. Nefndin getur beitt eftirfarandi viðurlögum:

- ~~12.2.1.~~a) Áminning.
- ~~12.2.2.~~b) Ávítur.
- ~~12.2.3.~~c) Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum KSÍ, sem renna til KSÍ.
- ~~12.2.4.~~d) Ákveðið sektir á aðildarfélög KSÍ.
- ~~12.2.5.~~e) Aðrar þær refsingar er lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila.

13. gr.
Viðurlög við agabrotum

13.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)

- 4 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 7 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 10 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- Þriðja hver áminning eftir það - bann í 1 leik í Íslandsmóti

b) Í bikarkeppni KSÍ

- 2 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
- 4 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
- Önnur hver áminning eftir það - bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ

Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í undankeppni telja ekki í aðalkeppni en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni. Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í aðalkeppni telja ekki að loknum 8 liða úrslitum en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni.

13.1.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftár á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:

a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)

- brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik í Íslandsmóti (eða Meistarakeppni KSÍ ef við á)
- 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)

- 3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leik í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
- 4. brottvísun – sjálfkrafa bann í 4 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
- o.s.frv.

b) Í bikarkeppni KSÍ

- brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
- 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki í bikarkeppni KSÍ
- 3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leiki í bikarkeppni KSÍ
- o.s.frv.

13.1.3. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hefur hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísunina, þ.e. áminningin fellur niður.

13.1.4. Sé leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óþróttamannslega framkomu, skal refsa honum með leikbanni allt að 6 leikjum.

13.1.5. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

13.2. Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum í Íslandsmóti og meistarakeppni KSÍ annars vegar og hins vegar í bikarkeppni KSÍ nema annað sé tekið fram. Viðurlög við brotum í innanhússknattspyrnu skal fara með skv. grein 13.10. og viðurlög varðandi keppni í 7 manna liðum skal fara með skv. grein 13.11.

13.3. Ef leikmaður eða þjálfari á eftir að taka út agaviðurlög vegna brottreksturs þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi. Agaviðurlög vegna áminninga flytjast ekki á milli keppnistímabila. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlög vegna brottreksturs í nýjum aldursflokki.

~~Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunarhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.~~

13.4. Þegar leikmaður hefur heimild til að leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út viðurlög í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til þeirra, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega. Í þessu sambandi greinist 1. aldursflokkur í meistaraflokk og varalið, ~~U23 og 1. flokk~~ og aðrir aldursflokkar í a og b lið og skal fjalla um brot sérstaklega í hverju keppnisliði fyrir sig.

13.5. Þegar félag sendir fleiri en eitt lið til keppni í sama mótið skal leikmaður taka út refsingu sína með öllum liðum félagsins í mótum í sama aldursflokki sbr. þó 13.4.

13.6. Ef þjálfari eða forystumaður liðs sem er á leikskýrslu er áminntur af dómara eða vísað frá leikvelli, skal viðurlögum beitt eftir sömu reglum og gilda um leikmenn, þar sem þær eiga við.

13.7. Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari ~~er~~ hefur flautað til leiksloka ~~hafa gengið til búningsklefa að leikloknum.~~ Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvöllinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður.

13.8. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, er úrskurðaður í leikbann, er honum óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í.

- 13.9. Til viðbótar fyrrnefndum viðurlögum getur aga- og úrskurðarnefnd beitt eftirfarandi refsingum:
- ~~13.9.1.a)~~ Brot samkvæmt ákvæðum 13. gr. geta varðað sektum allt að fjárhæð kr. 100.000 í meistaraflokki og kr. 50.000 í öðrum aldursflokkum. Sama gildir ef þessir aðilar verða uppvísir að óprúðmannlegri framkomu.
 - ~~13.9.2.b)~~ Aðildarfélag sem fær sjö eða fleiri refsistig í sama leiknum, þar sem áminning er 1 refsistig og brottvísun 4 refsistig, skal sektað um kr. 2.500 í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsistig umfram 6, en kr. 1.250 fyrir leiki í öðrum flokkum.
 - ~~13.9.3.c)~~ Aðildarfélag sem yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda áfram leik má refsa með brottrekstri úr keppni, stigatapi, leikbanni á öllum leikmönnum liðsins og/eða sekta um allt að kr. 200.000.
 - ~~13.9.4.d)~~ Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 100.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.
 - ~~13.9.5.e)~~ Brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra KSÍ sbr. 21. grein hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins, sekt að fjárhæð kr. 100.000 en þó ekki lægri en kr. 50.000 og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.
 - ~~13.9.6.f)~~ Aðrar refsingar sem lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila.
- 13.10. Refsingar takast út í innanhússmótum (sem leikin eru skv. reglugerð KSÍ um innanhússknattspyrnu) á þann hátt, að hafi leikmaður hlotið tvö gul spjöld í viðkomandi móti, skal hann fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik og svo í sjálfkrafa eins leiks bann fyrir hver tvö gul spjöld þar á eftir í mótinu. Fyrir brottrekstur skal hann fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik og fyrir brottrekstur í annað sinn í mótinu skal hann fara sjálfkrafa í tveggja leikja bann o.s.frv. Hafi dómari vísað leikmanni af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óíþróttamannslega framkomu, skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða leikmanninn í frekara leikbann. Viðurlög skulu ekki flytjast á milli innanhússmóta. Viðurlög vegna leikja í Íslandsmóti, bikarkeppni og meistarakeppni KSÍ verða ekki tekin út í innanhússmótum.
- 13.11. Áminningar og brottvísanir eru ekki skráðar á leikskýrslu í keppnum í 7 manna liðum og brottvísun gildir aðeins í viðkomandi leik og hefur ekki í för með sér frekara keppnisbann nema að um sé að ræða mjög alvarlegt atvik sem dómari skal þá gefa aga- og úrskurðarnefnd skýrslu um.

*14.gr.
Leyfiskerfi KSÍ*

- 14.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ ákveður viðurlög við einstökum brotum á leyfiskerfi KSÍ að fengnum viðeigandi formlegum ábendingum og upplýsingum frá leyfisstjórn, sbr. það sem fram kemur hér í greininni.
- 14.2. Eftirfarandi refsíákvæði eiga við um Leyfiskerfi KSÍ:
- 14.2.1 *Starfsnefndir og ráð.*
Einstaklingar, sem eru í starfsnefndum eða ráðum sem tengjast leyfiskerfinu, eða hafa tekið að sér að vinna ákveðin verkefni fyrir leyfisstjórn og brjóta þann trúnað, sem þar er kveðið á um, skulu hljóta áminningu frá KSÍ og víkja úr öllu starfi, nefndum og ráðum sem tengjast leyfiskerfinu.
 - 14.2.2 *Tímamörk ekki uppfyllt.*
Ef leyfisumsækjandi uppfyllir ekki sett tímamörk um framlagningu leyfisgagna skal hann sæta viðurlögum. Við ákvörðun þeirra skal taka mið af því hve alvarlegt brotið er. Eftirfarandi viðurlögum er hægt að beita:
 - a) Viðvörðun og sekt; við fyrsta brot skal beita dagsektum að upphæð kr. 2.500 fyrir hvern dag sem líður þangað til viðeigandi gögnum hefur verið skilað, að hámarki kr. 50.000.

b) Áminning og sekt; við ítrekað brot skal beita dagsektum að upphæð kr. 5.000 fyrir hvern dag sem líður þangað til viðeigandi gögnum hefur verið skilað, að hámarki kr.100.000.

c) Stigatap; við alvarlegt og ítrekað brot er jafnframt heimilt að draga allt að 3 stig frá félaginu í deildarkeppninni.

Ítrekunarkvöð fellur niður ef tímamörk hafa verið uppfyllt í 3 ár samfleytt.

14.2.3 Röng leyfisgögn.

Félag, sem verður uppvíst að því að hafa vísvitandi lagt fram röng eða fölsuð gögn/skjöl með umsókn um þátttökuleyfi, skal sæta viðurlögum. Við ákvörðun þeirra skal taka mið af því hve alvarlegt brotið er. Eftirfarandi viðurlögum er hægt að beita:

a) Viðvörðun og sekt, að upphæð allt að kr. 100.000.

b) Áminning og sekt, að upphæð allt að kr. 200.000.

c) Stigatap; ef brotið telst alvarlegt og vísvitandi er jafnframt heimilt að draga allt að 6 stig frá félaginu í deildarkeppninni.

d) Afturköllun þátttökuleyfis; við mjög alvarlegt og ítrekað brot getur KSÍ afturkallað þátttökuleyfi félagsins í deildinni, og hefur þar með heimild til að vísa félaginu úr deildinni til loka keppnistímabilsins. Jafnframt getur félagið ekki tekið þátt í Evrópukeppni. Félag, sem hefur verið vísað úr deild til loka keppnistímabils, skal leika einni deild neðar að ári.

14.2.4 Forsendur sem leiða til viðurlaga ef þær eru ekki uppfylltar.

Ef forsenda er ekki uppfyllt, sem er skilgreind þannig að slíkt leiðir aðeins til viðurlaga, sbr. grein ~~15 16.2 og 16.3~~ í Leyfisreglugerð KSÍ, skal taka mið af eftirfarandi viðurlögum:

a) Fyrsta skipti, viðvörðun.

b) Annað skipti, áminning og sekt að upphæð allt að kr. 50.000.

c) Eftir það, áminning og sekt að upphæð allt að kr. 100.000.

Ítrekunarkvöð fellur niður ef forsendan hefur verið uppfyllt í 3 ár samfleytt.

14.2.5 Frekari viðurlög.

Frekari viðurlög geta átt við í sérstökum tilfellum, eins og að skylda félag til að senda réttindalausán þjálfara á þjálfaranámskeið til að afla sér tilskilinna réttinda innan ákveðinna tímamarka, o.s.frv.

15. gr.

Óeðlileg áhrif á úrslit leiks

15.1. Hver sem tengist, eða rökstuddur grunur er um að tengist, beint eða óbeint, ráðagerð um óeðlileg afskipti af úrslitum leikja með þeim hætti að ekki samræmist íþróttamannslegum leikreglum skal sæta viðurlögum sbr. grein 15.3.

15.2. Í tilvikum þar sem leikmaður, forsvarsmaður félags, starfsmaður leiks eða félags tekur þátt í atferli í samræmi við grein 15.1. er heimilt að beita viðkomandi viðurlögum sbr. grein 15.3.

15.3. Viðurlög vegna brota í samræmi við greinar 15.1. og 15.2. skal ákvarðast á grundvelli alvarleika máls og felast í eftirfarandi:

a) Leikbanni, tímabundnu eða ótímabundnu

b) Tímabundnu eða ótímabundnu banni frá allri knattspyrnulegri starfsemi

c) Í alvarlegum tilfellum skal útiloka viðkomandi frá allri þátttöku í knattspyrnu eða knattspyrnumálum ævilangt

d) Í alvarlegum tilfellum er heimilt að draga eitt stig eða fleiri af aðildarfélagi í deildakeppni, fella um deild eða vísa félagi úr keppni.

16. gr.

Mismunun

16.1. Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki og banni frá viðkomandi leikvelli. Jafnframt skal félag viðkomandi sæta sekt að lágmarki

að upphæð kr. 100.000. Ef sá brotlegi er forsvarsmaður liðs skal sekt félags nema að lágmarki kr. 150.000.

- 16.2. Ef hópur (leikmanna og/eða forsvarsmanna liðs) frá sama félagi/liði brýtur samtímis gegn ákvæði greinar 16.1. skal viðkomandi félag/lið að auki missa þrjú stig í viðkomandi keppni við fyrsta brot en 6 stig við annað brot. Sé um ítrekuð brot að ræða er heimild til þess að fella lið um deild. Í tilvikum þar sem ekki er um stigakeppni að ræða (bikarkeppni/útsláttarkeppni) er heimilt að víkja viðkomandi liði úr keppni.
- 16.3. Ef stuðningsmenn liðs brjóta gegn ákvæði 16.1. á meðan á leik stendur skal viðkomandi félag sæta sekt að lágmarki kr. 150.000 án tillits til saknæmrar háttsemi eða yfirsjónar félagsins.
- 16.4. Ef um alvarleg brot áhorfenda er að ræða er heimild til aukinna viðurlaga s.s. að leikir séu leknir án áhorfenda, leikur dæmdur tapaður eða hann ógiltur, frádrætti stiga í stigakeppni eða brottvísun úr móti/keppni.
- 16.5. Áhorfandi eða áhorfendur sem brjóta gegn ákvæði 16.1. skulu sæta a.m.k. tveggja ára leikvallabanni.

V. kafli. ÁFRÝJUN

17. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls KSÍ

- 17.1. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls KSÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum.
- 17.2. Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:
 - ~~17.2.1.~~ a) Úrskurði nefndarinnar um þriggja leikja bann eða þyngri refsingu. Leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 13. grein verður ekki áfrýjað. Fáir leikmaður þyngri refsingu en sem nemur sjálfkrafa leikbanni þarf þynging refsingar að vera tveir leikir eða meira til þess að máli verði áfrýjað. Einungis er heimilt að áfrýja þeim hluta refsingar sem lítur að hinni þyngdu refsingu í þessum tilvikum.
 - ~~17.2.2.~~ b) Úrskurði nefndarinnar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-.
 - ~~17.2.3.~~ c) Úrskurði nefndarinnar á grundvelli greinar 13.9. c) ~~3~~.
 - ~~17.2.4.~~ d) Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann á grundvelli 13.9. d) ~~4~~.
- 17.3. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.
- 17.4. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum sjálfkrafa leikbönum skv. 13. grein sem leikmenn taka út þegar í stað.
- 17.5. Um meðferð áfrýjunarmála fyrir áfrýjunardómstól KSÍ fer að öðru leyti eftir lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ.

18. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ

- 18.1. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum.

19. gr.

Endanleg niðurstaða

- 19.1. Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um ágreiningsefni sem ekki verður skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim úrskurðum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi, sem úrskurðað hefur verið um af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, ekki til almennra dómstóla.

VI. kafli.
ÝMIS ÁKVÆÐI

20. gr.

Fundargerðabók/úrskurðabók

- 20.1. Í fundargerðabók skal færa meginefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Endurrit úr fundargerðabók má afhenda þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, en skal að jafnaði ekki birt almenningi.
- 20.2. Nefndin skal einnig halda sérstaka úrskurðarbók, sem hefur að geyma úrskurði hennar. Úrskurðarbók skal vera aðgengileg og birt á heimasíðu KSÍ.

21. gr.

Ósæmileg framkoma

- 21.1. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.
- 21.2. Framkvæmdastjóri KSÍ skal skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings og skal fara með slík mál eins og um kærumál sé að ræða, eins og við getur átt.

22. gr.

Lyfjæftirlit

- 22.1. Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt reglugerð ÍSÍ um lyfjæftirlit.

23. gr.

Niðurfelling refsingar

- 23.1. Knattspyrnuþing er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita úrskurðuðum aðila full réttindi að nýju innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

24. gr.

Önnur ákvæði

- 24.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn KSÍ.
- 24.2. Agareglur FIFA (*FIFA Disciplinary Code*) eru ákvæðum þessarar reglugerðar til fyllingar, eftir því sem við á.

25. gr.

Gildistaka

- 25.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. og 31. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi. ~~25. apríl 2016.~~
~~Við gildistöku hennar fellur eldri reglugerð úr gildi.~~



Samþykkt af stjórn KSÍ 28. maí 2020

Starfsreglur aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

I. kafli.

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Um skipan nefndarinnar fer eftir grein 31.1. í lögum KSÍ. Nefndin hefur aðsetur hjá Knattspyrnusambandi Íslands, sem greiðir kostnað af störfum hennar og sér henni fyrir nauðsynlegri aðstöðu. KSÍ leggur nefndinni til starfsmann sem annast í umboði nefndarinnar móttöku gagna, birtingu úrskurða o.fl.

2. gr.

Um hæfi nefndarmanna skal fara eftir grein 4.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og skulu nefndarmenn víkja ef ákvarðanatáka snertir hagsmuni þeirra eigin félags, aðilum þeim nákomnum eða þeir vanhæfir af öðrum ástæðum.

3. gr.

Hlutverk aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er að fjalla um þau málefni sem til hennar er beint samkvæmt lögum KSÍ ~~og/eða reglugerðum KSÍ og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál~~. Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum KSÍ ~~og/eða reglugerðum KSÍ, reglugerðum KSÍ og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál~~.

4. gr.

Aðila máls er heimilt að fela umboðsmanni sínum að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni.

II. kafli.

MÁLSMEDFERÐ

5. gr.

Kærur, erindi, atvik skulu berast til aga- og úrskurðarnefndar sbr. grein ~~7.4~~ í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd (~~dómstóla~~kærumál) og grein 6 (agamál). Ef erindi berast eftir tímafresti vísar nefndin erindinu frá.

6. gr.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og fullnægja kröfum þeim sem getið er í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Kæran skal undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans og skulu öll gögn ~~sem beint er til nefndarinnar berast til skrifstofu KSÍ berast nefndinni í 4 eintökum~~.

7. gr.

Nefndin skal sjá til þess að aðilar agamáls fái afhend afrit gagna þegar við á, sbr. reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd. Sé um brottvísun að ræða, sbr. grein 6.2.1 í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd, ber starfsmanni nefndarinnar að senda skýrslu dómarsins um brottvísun næsta virka dag. Brottvísun getur leitt til þyngingar stafi hún af:

1. Ofsalegri framkomu
2. Þegar hrækt er að mótherja eða öðrum aðila
3. Orðbragði og/eða látbragði sem er særandi, móðgandi eða svívirðilegt
4. Öðru sem nefndin telur geta leitt til þyngingar

8. gr.

Málsmeðferð fyrir nefndinni fer að öðru leyti eftir reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Aga- og úrskurðarnefnd gætir þess í hvívetna að málsaðilar fái sanngjarnt tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum og málsástæðum á framfæri við nefndina.

9. gr.

Hafi aðili agamáls óskað eftir að koma á framfæri munnlegum athugasemdum, skv. grein 6.4 í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd, skal sá aðili leggja fram greinargerð um mál sitt fyrir næsta reglulega fund nefndarinnar. Í slíkum tilvikum verður aðila veitt tækifæri á málflutningi fyrir nefndinni sem hún setur nánari tímamörk um. Skulu báðir aðilar kappkosta við að ljúka slíkri málsmeðferð eins fljótt og auðið er svo úrskurður geti verið uppkveðinn og tekið gildi í samræmi við grein 9 í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd. Nefndin getur í undantekningartilfellum ákveðið rýmri tíma til málsmeðferðar.

10. gr.

Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og skulu þeir vera skriflegir og rökstuddir. Úrskurðir skulu undirritaðir af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Þess skal getið hvort allir nefndarmenn eru sammála niðurstöðu. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal getið um það hvaða atriði nefndarmenn eru ósammála um.

11. gr.

Í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar skal eftirfarandi koma fram:

- a. hverjir séu aðilar máls,
- b. kröfugerð og málavaxtalýsing,
- c. helstu málsástæður og röksemdir málsaðila,
- d. rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar,
- e. sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.

12. gr.

Nefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp. Nefndin lætur birta úrskurði sína á heimasíðu KSÍ.

III. kafli. ÝMIS ÁKVÆÐI

13. gr.

Aga- og úrskurðarnefnd heldur fundi að jafnaði einu sinni í viku á þriðjudögum. Ef brýn nauðsyn krefur getur nefndin haldið fundi oftár til úrslausnar einstakra mála.

14. gr.

Í gerðarbók skal færa meginefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Endurrit úr fundargerðarbók má afhenda þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta.

15. gr.

Að öðru leyti en að framan greindir gilda ákvæði laga KSÍ og ákvæði reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

16. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. laga KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ.

17. gr.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og ræður fram úr þeim álitamálum og ágreiningsefnum sem upp kunna að rísa. Reglur þessar taka gildi við staðfestingu stjórnar KSÍ.

Samþykkt af stjórn KSÍ 28. maí 2020.

Fylgiskjal 5.2.

Yfirlit yfir greiðslur til félaga

Pepsi Max deild karla

Lið	Úthlutun	Ferðjöfnun	Þátttökugj	Samtals
Breiðablik	5.308.756	150.000	200.000	5.658.756
FH	5.043.318	150.000	200.000	5.393.318
KA	4.200.000	112.500	150.000	4.462.500
KR	5.308.756	150.000	200.000	5.658.756
Stjarnan	5.308.756	150.000	200.000	5.658.756
Valur	5.308.756	150.000	200.000	5.658.756
HK	4.200.000	150.000	200.000	4.550.000
Fylkir	5.308.756	150.000	200.000	5.658.756
Fjölknir	4.512.442	150.000	200.000	4.862.442
ÍA	4.777.880	150.000	200.000	5.127.880
Víkingur R.	4.379.724	150.000	200.000	4.729.724
Gróttta	4.247.005	150.000	200.000	4.597.005

1. deild karla

Þór Ak.	2.264.516	112.500	150.000	2.527.016
Víkingur Ól	1.700.000	75.000	100.000	1.875.000
Grindavík	2.787.097	150.000	200.000	3.137.097
Fram	1.916.129	75.000	100.000	2.091.129
Leiknir R	2.438.710	75.000	100.000	2.613.710
Þróttur R	2.961.290	150.000	200.000	3.311.290
Magni	1.700.000	75.000	100.000	1.875.000
Leiknir F.	1.700.000	75.000	100.000	1.875.000
Afturelding	2.787.097	150.000	200.000	3.137.097
ÍBV	3.309.677	150.000	200.000	3.659.677
Keflavík	2.961.290	150.000	200.000	3.311.290
Vestri	1.700.000	75.000	100.000	1.875.000

2. deild karla

Dalvík/Reynir	600.000	75.000	100.000	775.000
Fjarðarbyggð	800.000	150.000	200.000	1.150.000
Haukar	1.500.000	150.000	200.000	1.850.000
ÍR	1.300.000	150.000	200.000	1.650.000
Kári	0	75.000	100.000	175.000
KF	500.000	75.000	100.000	675.000
Kórdrengir	0	75.000	100.000	175.000
Njarðvík	700.000	75.000	100.000	875.000
Selfoss	1.600.000	150.000	200.000	1.950.000
Víðir	600.000	75.000	100.000	775.000
Völsungur	1.300.000	150.000	200.000	1.650.000
Þróttur V.	600.000	75.000	100.000	775.000

3. deild karla

Augnablik	0	150.000	200.000	350.000
Álftanes	650.000	150.000	200.000	1.000.000
Einherji	260.000	75.000	100.000	435.000
Elliði	0	75.000	100.000	175.000
Höttur/Huginn	260.000	75.000	100.000	435.000
KFG	0	75.000	100.000	175.000
KV	0	75.000	100.000	175.000
Reynir S	260.000	75.000	100.000	435.000
Sindri	650.000	150.000	200.000	1.000.000
Tindastóll	845.000	150.000	200.000	1.195.000
Vængir Júpitera	0	75.000	100.000	175.000
Ægir	195.000	75.000	100.000	370.000

Félög í 4. deild karla með barna og unglingastarf

KFR	110.000	75.000	100.000	285.000
Snæfell	110.000	75.000	100.000	285.000
Skallagrímur	165.000	75.000	100.000	340.000
Kormákur/Hvöt	110.000	75.000	100.000	285.000
Hamar	275.000	150.000	200.000	625.000

4. deild karla án barna og unglingastarfs

Afríka	75.000	100.000	175.000
Álafoss	75.000	100.000	175.000
Árborg	75.000	100.000	175.000
Ásvellir (KÁ)	75.000	100.000	175.000
Berserkir	75.000	100.000	175.000
Björninn	75.000	100.000	175.000
Blix	75.000	100.000	175.000
GG	75.000	100.000	175.000
Hvíti Riddarinn	75.000	100.000	175.000
Hörður Ísafirði	75.000	100.000	175.000
Uppsveitir	75.000	100.000	175.000
ÍH	75.000	100.000	175.000
Ísbjörninn	75.000	100.000	175.000
KB	75.000	100.000	175.000
KFB	75.000	100.000	175.000
KFR	75.000	100.000	175.000
KFS	75.000	100.000	175.000
KH	75.000	100.000	175.000
KM	75.000	100.000	175.000
Kría	75.000	100.000	175.000
Léttir	75.000	100.000	175.000
Mídas	75.000	100.000	175.000
Nökkvi	75.000	100.000	175.000
Samherjar	75.000	100.000	175.000
SR	75.000	100.000	175.000
Stokkseyri	75.000	100.000	175.000
Vatnaliljur	75.000	100.000	175.000
Ýmir	75.000	100.000	175.000



2. deild kvenna, án barna og unglíngastarfs

Hamrarnir	75.000	100.000	175.000
-----------	--------	---------	---------